



477.fundur Þingvallanefndar

Miðvikudagur 14. október 2020

Kl.11:30 Fjarfundur um tölvu.

Mættir: Ari Trausti Guðmundsson, Vilhjálmur Árnason, Guðmundur Andri Thorsson, Karl Gauti Hjaltason, Hanna Katrín Friðriksson, Páll Magnússon. Líneik Anna Sævarsdóttir boðar forföll.

Einnig sátu fundinn Þjóðgarðsvörður Einar Á. E Sæmundsen og Fanney Einarsdóttir sem ritaði fundargerð þessa.

Formaður setur fund en felur þjóðgarðsverði fundarstjórn.

Dagskrá:

1. Deiliskipulag-kynning og umræða

Gestir: Þráinn Hauksson og Ómar Ívarsson Landslag ehf.

Kynning á stöðu deiliskipulags og hver næstu skref verða. Lagt til að forkynning fari fram fyrir skipulagsnefnd sveitarfélaganna.

2. Burðarþol Þingvalla – kynning á meistaraverkefni

Gestur: Jóna Kolbrún Sigurjónsdóttir verkefnastjóri þjóðgarðinum á Þingvöllum.

Kynning á meistaraverkefni Jónu Kolbrúnar Sigurjónsdóttur. Verkefnið hefur þann tilgang að við greina hvernig aukning á landsvísu muni hafa áhrif á ýmsa þætti, svo sem upplifun gesta og gæði þjóðgarðsins, þörf fyrir innviðauppbýggingu og áhrif álags á náttúru og lífríki. Unnið verður með fyrirliggjandi gögnum til dæmis frá bílastæðum, úr Silfru, frá sýningu og úr gönguteljurum. Með fyrirliggjandi gögnum mun verða hægt að framreikna þörfina fyrir innviðauppbýggingu til dæmis miðað við 2% fjölgun á ári eða 5% fjölgun á ári. Einnig er í gangi gestakönnun í þjóðgarðinum en í undirbúningi fyrir verkefnið þótti tilvalið að ná til Íslendinga á þessum sérstöku tímum og kanna upplifun þeirra af Þingvöllum.

Þingvallanefnd lýsir ánægju með verkefnið og þakkar fyrir kynninguna.

3. Fyrirmyndar áfangastaðir

Gestir: Hildur Kristjánsdóttir og María Reynisdóttir ANR, Dagný Arnarsdóttir úr umhverfissráðuneytinu
Kynning á verkefninu fyrirmyndar áfangastaðir.

Verkefnið var samþykkt í ríkisstjórn í apríl 2019 og er stýrt af verkefnahópi með 2 fulltrúum frá Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneyti og 2 fulltrúum frá Umhverfis og auðlindaráðuneyti.

Stefnt er að því að fyrirmyndarstaðir í ferðaþjónustu verði skilgreindir og undirbúningur fyrir hönnun og uppbyggingu þeirra verði skv. bestu erlendu fyrirmyndum. Ráðherrar samþykktu tillögu verkefnahóps að horfa til megináfangastaða Gullna hringsins, Þingvalla, Gullfoss og Geysis sem fyrstu fyrirmyndaráfangastaðana.

Stefnt er að því þjóðgarðurinn á Þingvöllum verði útnefndur fyrirmyndaráfangastaður vorið 2021.

Þingvallanefnd þakkar fyrir kynninguna.

4. Önnur mál

Þjóðagarðsvörður tilkynnir nefndinni að átta landvörðum og einum verkefnastjóra hafi verið kynntar uppsagnir sem koma til vegna rekstrarlegra breytinga og endurskipulagningar í starfsemi þjóðgarðsins í ljósi fyrirséðs tekjufalls árinu 2021.

Þjóðgarðsvörður segir frá því að í tvo daga í vikunni verður stórt kvikmyndaverkefni í þjóðgarðinum sem er haldið utan um af hálfu starfsmanna þjóðgarðsins.

Fundi slitið kl 13:00